

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2005

2005/EES/32/19

frá 8. febrúar 2005

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2004 frá 3. desember 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1267/2003 frá 16. júní 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar frest til afhendingar helstu samtalna þjóðhagsreikninga, undanþágur varðandi afhendingu helstu samtalna þjóðhagsreikninga og afhendingu gagna um störf í vinnustundum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 frá 15. júlí 2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB frá 22. júlí 2003 um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um vísindi og tækni ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96):

„- **32003 R 1267**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1267/2003 frá 16. júní 2003 (Stjtið. ESB L 180, 18.7.2003, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19o (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 501/2004):

„19p. **32003 R 1287**: Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 frá 15. júlí 2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) (Stjtið. ESB L 181, 19.7.2003, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

3. Eftirfarandi bætist við á eftir 28. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004):

„SKÝRSLUR UM VÍSINDI OG TÆKNI

29. **32003 D 1608**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB frá 22. júlí 2003 um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um vísindi og tækni (Stjtið. ESB L 230, 16.9.2003, bls. 1).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvörðun þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1267/2003, reglugerðar (EB, KBE) nr. 1287/2003 og ákvörðunar nr. 1608/2003/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. febrúar 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 180, 18.7.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 181, 19.7.2003, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 230, 16.9.2003, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.